



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar
Almar Guðmundsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 14. desember 2022
Málsnr. 2209012/PBG/HH

Efni: Stofnun áfangastaðastofu

Á 548. fundi stjórnar SSH sem fór fram 12. desember sl. var ofangreint til dagskrár og eftirfarandi niðurstaða bókuð í fundargerð vegna þess:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði sett á fót, til samræmis við fyrirbyggjandi gögn og það sem fram kemur í fyrirbyggjandi minnisblaði framkvæmdastjóra SSH frá 6. desember 2022. Á grundvelli þess er skrifstofu SSH falið að senda fyrirbyggjandi samningsdrög, ásamt fylgigögnum, til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaga ásamt ósk um að framkvæmdastjórum þeirra verði falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.

Á grundvelli framangreinds eru meðfylgjandi drög að samningi Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarnesbæjar, SSH og Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins um stofnun áfangastaðastofu. Með samningnum er skrifstofu SSH, ásamt verkefnastjóra verkefnis um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið falið að undirbúa stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins sem verði rekin sem sjálfseignarstofnun á grundvelli laga nr. 33/1999. Stjórn stofnunarinnar verði skipuð sjö einstaklingum, þar af skulu fjórir þeirra tilnefndir af SSH. Þá er í samningsdrögunum kveðið á um hvert framlag sveitarfélaganna vegna reksturs stofunnar á árinu 2023 muni verða.

Jafnframt er meðfylgjandi minnisblað undirritaðs, dags. 6. desember 2022, þar sem er að finna nánari skýringar á einstökum þáttum samningsins og þess fyrirkomulags sem lagt er til.

Óskað er eftir því að ofangreint verði tekið til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra þess til undirritunar samnings um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson,
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Drög að samningi um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins
Minnisblað Páls Björgvins Guðmundssonar dags. 6. desember 2022
Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins – rekstrargreining KPMG
Uppfærð rekstraráætlun fyrir árið 2023.
Innleiðingaráætlun vegna stofnunar áfangastaðastofu